

Fræðslutilboð fyrir grunnskóla

veturinn 2019 - 2020

Námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk grunnskóla,
til dæmis hægt að fá á starfsdaga eða starfsmannafundi



Látum draumana rætast. Menntastefnan og grunnskólastarf

Fjallað er um menntastefnu Reykjavíkur „látum draumana rætast“, helstu áherslur hennar og vörður í innleiðingarferlinu. Skoðað verður hvernig vinna má að innleiðingu stefnunnar í leikskólastarfið m.a. í gegnum þróunar- og nýbreytniverkefni. Þá verður rætt sérstaklega um mikilvægi samstarfs og þróun lærdómssamfélagsins innan sem utan grunnskólans og mikilvægi þess í að gera gott starf enn betra.

Leiðbeinandi: Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

Tímalengd: 1-2 klst. (fyrirlestur og umræður)

Styrkir og alþjóðastarf

Í þessari fræðslu er farið yfir helstu tækifæri sem standa starfsstöðum til boða þegar kemur að fjármögnun og framkvæmd á alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Farið er yfir meginatriði sem tengjast vinnslu umsókna í alþjóðlega samkeppnisjóði eins og Erasmus+ og Nordplus ásamt því að farið er yfir hvernig hægt er að nýta stéttarfélagstyrki á hnitmiðaðan hátt til að afla þekkingar sem nýtist við innleiðingu menntastefnunnar. Boðið er upp á áframhaldandi ráðgjöf og stuðning til þeirra starfsstaða sem hafa áhuga á að skipuleggja og framkvæma verkefni.

Leiðbeinandi: Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja

Tímalengd: 1 klst.

Samstarf foreldra og skóla

Samskipti foreldra og skóla geta verið krefjandi og margt bendir til að þau hafi orðið flóknari á síðari árum. Lög og aðalnámskrá gera hinsvegar ráð fyrir markvissu samstarfi skóla og foreldra. Á fræðslufundinum verður fjallað um áskoranir og hagnýtar leiðir sem stuðla að góðu samstarfi og auka jafnframt velferð og árangur nemenda. Leiðbeinandi er höfundur bókarinnar Skóli- og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann. Efnið hentar best fyrir grunnskólakennara.

Leiðbeinandi: Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu SFS.

Tímalengd: 80 mín

Leiðsagnarnám/mat

Í aðalnámskrá grunnskóla 2018 segir að leggja skuli áherslu á leiðsagnarmat í námi nemenda, enda sýna rannsóknir að leiðsagnarmat styður vel við nám nemenda. Shirley Clarke hefur, í samstarfi við starfandi kennara, þróað kennsluáferðir í leiðsagnarnámi/mati sem hafa skilað afar góðum árangri. Æ fleiri íslenskir kennarar hafa verið að tileinka sér þessar áferðir enda er almenn ánægja með þær. Á fræðslufundinum verður sagt frá helstu einkennum kennslufræði Shirley Clarke. Efnið hentar best fyrir grunnskólakennara, en getur einnig nýst leikskólakennurum elstu barnanna.

Leiðbeinandi: Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á grunnskólahluta fagskrifstofu SFS.

Tímalengd: 80 mín



Barnasáttmálinn í grunnskólanum

Fræðslan er ætluð öllu starfsfólki grunnskóla og samanstendur af fyrirlestri, æfingum og umræðum.

Megininntak fræðslunnar er:

Barnasáttmálinn í grunnskólanum

Inntak Barnasáttmálans

Það sem er barninu fyrir bestu

Réttindi og agi

Tilkynningaskyldan

Menntastefna Reykjavíkurborgar og barnasáttmálinn

Þá kem ég aðeins inn á fullorðnir sem fyrirmynd og starfsanda

Leiðbeinandi: Ellen Calmon verkefnisstýra á Nýsköpunarmiðju menntamála

Tímalengd: 1,5 klst

Staðalmyndir, félagsmótun og samskipti

Þetta er grunnfræðsla um jafnrétti fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Í þessari fræðslu er rætt um áhrif félagsmótunar á kynin og hvernig staðalmyndir samfélagsins geta verið hamlandi og villandi fyrir ungt fólk. M.a. er rætt um framkomu fullorðinna við börn, skilaboð sem þau fá í gegnum leikföng, dægurmenningu og samfélagsmiðla. Líkamsvirðing, klámvæðing og samskipti eru einnig ávörpuð í þessari fræðslu. Þessi fræðsla hentar vel inn á starfsmannafundi en einnig verður boðið upp á þessa fræðslu fyrir nýtt starfsfólk í leikskóla-, grunnskóla-, og frístundastarfi þann 11. október og 31. janúar. Skráning verður auglýst sérstaklega.

Leiðbeinandi: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Tímalengd: 1,5 – 2 klst.

Strákar og jafnrétti

Í þessari fræðslu er rætt um stöðu stráka í dag. Ýmsum spurningum er velt upp, eins og: Hvernig birtist ofbeldi í karlmennskuhugmyndum samfélagsins í dag? Er of takmörkuð karlmennskuímynd að valda bæði strákum og stelpum skaða? Er pressan of mikil á stráka í dag? Er hættá á því að strákar upplifi tilvistarkreppu vegna misvísandi skilaboða umhverfisins? Hversu mikilvægt er að veita strákum meira rými og betri þjálfun í tilfinningalæsi og samskiptum?

Leiðbeinandi: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Tímalengd: 1,5 klst.

Líkamsvirðing og útlitsdýrkun

Fjallað er um útlitsdýrkun samfélagsins og áhrif hennar á ung börn. Rætt er um mikilvægi þess að kenna börnum að bera virðingu fyrir líkama sínum og annarra óháð útliti hans. Spurningar eins og hverjir eru eiginleikar líkamans? Hvaða færni býr hann yfir? Hvernig líður okkur í líkamanum? og fleiri álíka eiga að skipta meira máli en hvernig líkaminn lítur út. Leikföng, barnaefni og fjölmiðlar ýta að börnum ákveðinni líkamsímynd sem byggir á því að ákveðið útlit sé meira virði en annað. Áhrif þessara skilaboða birtast gjarnan í neikvæðri líkamsímynd og lægra sjálfsmati barna. Mikilvægt er að hinir fullorðnu séu meðvitaðir um þessi áhrif og vinni markvisst gegn útlitsdýrkuninni.

Leiðbeinandi: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur

Tímalengd: 1 klst.

Áhrif klámvæðingar á samskipti ungmenna

Rannsóknir sýna að börn byrja ung að horfa á klám og þá strákar í mun meira mæli en stelpur. Klámáhorf gefur börnum afar skekka mynd af samskiptum og kynlífi og því er mikilvægt að efla kynfræðslu í skóla- og frístundastarfi. Klámvæðingin tekur sér sifellt meira pláss í almannarýminu og getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti ungmenna eins og sjá má t.d. í markaleysi í



samskiptum, hlutgervingu kvenlíkamans og nektarmyndum sem dreift er í leyfisleysi. Þessi fræðsla er beinskeytt og jafnvel svolítið óþægileg, en hún er mikilvæg fyrir alla þá sem starfa með ungu fólki.
Leiðbeinandi: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Viðhorf og samskipti í fjölbreyttum nemenda- og foreldrahópi

Hér verður sjónum beint að þeim þáttum sem skipta máli í samskiptum skóla og fjölbreyttra fjölskyldna. Fjallað verður um mikilvægi þess að hver og einn skoði sín eigin viðhorf og sýn og leiti leiða til að auka færni í samskiptum þvert á menningu og tungumál. Jákvæður skólabragur hefur áhrif á líðan og þátttöku nemenda og foreldra. Skoðaðar verða aðferðir og leiðir til að efla skólabrag og styðja kennara við að hafa frumkvæði að gagnvirku samstarfi við alla foreldra á markvissan hátt.

Leiðbeinandi: Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

Tímalengd: 1-2 klst. (fyrirlestur eða námskeið með verkefnum).

Fjölmennning er fjársjóður

Í þessari fræðslu er lögð áhersla á að vinna gegn ríkjandi staðalímyndum, hvernig er hægt að vinna gegn fordómum og leiðir til að stuðla að jákvæðu viðhorfi til ólíkra einstaklinga.

Leiðbeinandi: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS og Kriselle Lou Suson Jónsdóttir, brúarsmiður Miðju máls og læsis.

Tímalengd: 2 klst. eða samningsatriði.

Við erum öll ólík, við erum öll eins

Á skóla- og frístundasviði vinna hátt í þúsund starfsmenn með annað móðurmál en íslensku. Í þessari fræðslu verður rætt um mikilvægi þess að stuðla að góðum starfsanda, leiðir til að vinna með fjölbreyttan starfsmannahóp og hvernig við eflum þann mannauð sem býr í fjölmenningu.

Leiðbeinandi: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.

Tímalengd: 2 klst. eða samningsatriði.

Hvernig á að lesa fyrir börn?

Samræðulestur, árangursrík leið til að lesa fyrir börn á yngsta stigi grunnskólans.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60 mínútur

Hvað er samskiptaleiðtogi?

Hvernig eflir maður virkt samtal og samskipti barna.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60 mínútur

Mál er máttur

Grunnfræðsla um máþroska og læsi og hvernig það tengist. Skoðað hvernig málþroskavandi birtist hjá börnum í leik og starfi og hvaða áhrif hann hefur á möguleika til náms.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60-90 mínútur

Mál og læsi í grunnskóla, hvað ber árangur?

Lesfimi, umskráning, lesskilningur, hlustun, ritun, stafsetning, lestrarvandi, framsögn o.fl.

- Læsi á yngsta- mið- eða unglíngastigi. - Læsi í víðum skilningi.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60-120 mínútur

Lestrarkennsluáferðir



Erindi og umræður um *raunprófaðar kennsluaðferðir*.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Fræðsla, ráðgjöf og tímalengd sniðin að hverri starfsstöð.

Skrifað og skreytt

Orðaforðanotkun í ritun með mið- og unglíngastigi. Hvernig eflum við sjálfstraust nemenda í ritun?

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 60 mín. þar sem verkefni eru prófuð milli funda.

Skilningur skapar þekkingu

Lestrarþjálfun og lesskilningur á mið- og unglíngastigi. Kennsluhugmyndir og leiðir í vinnu með mál og læsi.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 90 mín. með ráðgjöf og eftirfylgni

Ráðgjöf/handleiðsla fyrir kennara vegna vinnu með mál og læsi

Í því felst viðvera ráðgjafa í kennslustund, handleiðslufundir og eftirfylgd.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Sniðin að hverjum og einum.

Dyslexia og tæknin

Hvernig má nýta tæknina fyrir nemendur með dyslexiu?

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML og NýMið

Tímalengd: 90 mínútur

Stuðningur við nýja lestrarkennara - lærdómssamfélag

Fræðsla og fundir fyrir nýútskrifaða kennara eða kennara sem eru nýir í lestrarkennslu á yngsta stigi grunnskólans.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 3 x 90 mínútur og eftirfylgd. Verður auglýst sérstaklega.

Bókasmakk og bókaklúbbar

Farið í fjölbreyttar leiðir til að vekja og viðhalda áhuga barna á bóklestri.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 2 x 60 mínútur þar sem verkefni eru prófuð milli funda eða 2 klst. í eitt skipti og eftirfylgd.

Ég er fjöltyngdur Íslendingur!

Leiðir í að efla íslenskufærni barna/unglinga sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: 60 mínútur

Mat á stöðu barna, niðurstöður og úrvinnsla

Hvernig er lesið úr niðurstöðum og þær nýttar til gagns. Fræðsla um snemmtæka íhlutun og stigskipta aðferð (e. Response to intervention). Hvað felst í snemmtækri íhlutun. Hvernig má fylgjast með framförum barna í málþroska og læsi og nýta upplýsingarnar til að skipuleggja kennslu.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Lengd og tími samkomulagsatriði.



Ráðgjöf við sérkennslustjóra

Um vinnu með börn sem þurfa stuðning í tali, máli og samskiptum (íslensk og erlend).

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Lengd og tími samkomulagsatriði.

Læsisáætlanir

Unnið með læsisteymi við gerð læsisáætlunar skóla.

Leiðbeinendur: ráðgjafar MML

Tímalengd: Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð

Læsissteymi/stýrihópar í hverfum

Ráðgjöf við uppbyggingu teyma og stýrihópa. Hlutverk þeirra og verklag.

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð/hverfi.

Spjaldtölvur

Spjaldtölvur í starfi með mál og læsi. Upplýsingar um forrit. Hugmyndir og leiðir

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML og NýMið

Tímalengd: Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.

Kenni ég orðaforða?

Farið er fyrir raunprófaðar leiðir sem efla orðaforða, ritun og lesskilning grunnskólabarna.

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: 3 x 90 mín. þar sem verkefni eru prófuð milli funda.

Læsi og umhverfi

Skiptir umhverfið máli? Hvað gerir þú í stofunni þinni til að styðja við samskiptafærni?

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd:Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.

Ráðgjöf vegna þróunarstarfs eða samstarfsverkefna

Þróun samstarfs leikskóla, grunnskóla, milli skólastiga og milli skóla og frístundar.

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: Ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.

Mál og læsi grunnskólabarna

foreldrar/aðstandendur

Fræðsla fyrir foreldra, ömmur og afa um málþorska og orðaforða.

Að láta lesa heima / yndislestur

Leiðbeinendur: Ráðgjafar MML

Tímalengd: 40-60 mínútur

Um hlutverk og starf brúarsmiða

Kynning fyrir grunnskóla

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Tímalengd: 45 mín

Millimenningarfræðsla fyrir starfsmenn skóla

Fræðsla t.d. um Filippseyjar og filippseysk mál, og Pólland og pólsku



Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Tímalengd: 60 mín.

Brú milli menningarheima

Námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla.

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Tímalengd: 150 mínútur. 23. sept., 21. okt., 18. nóv. 2019, 20. jan., 17. feb., 16. mars 2020

Fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa

Námskeið og fræðsla um skóla án aðgreiningar, fjölmenningu, íslenskt skólakerfi, hlutverk skólastarfsmanna og íslensku sem annað mál.

Leiðbeinendur: Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Hrund Logadóttir og brúarsmiðir MML

Tímalengd: 2 x 60 mínútur

Ráðgjöf brúarsmiða og samræður við einstaka foreldra

Ráðgjöf og samræður á ensku, filippseysku og pólsku á foreldradegi skólans. Foreldrarnir geta komið annaðhvort fyrir eða eftir fundinn með umsjónakennara. Boðið er upp á ráðgjöf og samræður um ýmislegt sem viðkemur námi og frístund barna.

Leiðbeinendur: Brúarsmiðir MML

Tímalengd: 30-60 mín

Mixtúra - margmiðlunarver

Stafræn tækni í grunnskólastarfinu

Þjónusta og aðstaða Mixtúru (mixtura.is) kynnt og unnið með valin verkfæri úr búnaðarbankanum.

Leiðbeinendur: Kennsluráðgjafar NýMið

Staðsetning: Á starfsstað eða í Mixtúru (Safamýri 5)

Tímalengd: 60-90 mínútur

Skólalausnir Google í grunnskólastarfinu

Yfirlit yfir skólalausnir Google. Hagnýt dæmi um notkun Google Classroom og fleiri lausna

Leiðbeinendur: Kennsluráðgjafar NýMið

Staðsetning: Á starfsstað eða í Mixtúru (Safamýri 5)

Tímalengd: 30-90 mínútur

Menntabúðir um tækni í grunnskólastarfinu

Aðstoð við að skipuleggja og halda Menntabúðir (e. EduCamp) þar sem þátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum.

Staðsetning: Á starfsstað, í hverfi eða í Mixtúru (Safamýri 5)

Tímalengd: 2 x 40 mínútur

Kvikmyndaverkefni í grunnskólastarfinu

Samráð og stuðningur við handritsgerð og fjölbreytt kvikmyndaverkefni

Staðsetning: Á starfsstað, í hverfi eða í Mixtúru (Safamýri 5)

Tímalengd: 3 x 90 mínútur

